

Mál nr. 207/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar F

Tjón á báti þ. 22-24.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 9.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 1-6

Málsatvik.

M segir að ferðahópur á vegum F hafi ollið skemmdum á bát hans þar sem ekki hafi verið gengið frá honum með fullnægjandi hætti þegar komið var að landi úr róðrarferð. Þar hafi báturinn slegist til í nokkrar vikur og hafi botn hans skemmt í fjörugrjótinu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu F vegna þessa. V hafnar bótaskyldu þá bendir V á að rökstuðningur fyrir bótaskyldu sé afar rýr og málatilbúnaður allur og krefst frávísunar málsins. Þá segir V að verði málinu ekki vísað frá þá beri að hafna kröfum M þar sem hann sé í raun að gera kröfu í eigin ábyrgðartryggingu. Þá byggir V á að sök sé ósönnuð auk þess sem tjónið sé undanskilið samkvæmt skilmálum þeim sem um ræðir í málinu.

Álit.

Gögn málsins eru vægast sagt afar takmörkuð og málið illa upplýst. Ekki er að finna nákvæma lýsingu á því hvert tjónið raunverulega er eða hvert umfang þess er. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og málatilbúnað M verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum sbr. tl. e í 4. gr. samþykkt fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík 19.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.